

Skattaleg mismunun – mismunandi skattlagning eftir rekstrarformum

Vala Valtýsdóttir

Forstöðumaður skatta- & lögfræðisviðs Deloitte

Skattadagurinn 2010



Mismunandi skattlagning eftir rekstrarformum

1. Einkahlutafélög, takmörkuð ábyrgð
2. Hlutafélög, takmörkuð ábyrgð
3. Sameignarfélag, ótakmörkuð ábyrgð
4. Samlagsfélag, blönduð ábyrgð
5. Einstaklingsrekstur, ótakmörkuð ábyrgð

Mun bera saman félag 1.- 4.



Umgerð helstu rekstrarforma

1. Einkahlutafélög og hlutafélög

- Hagnaður skattlagður í 18%
- Stór hluti arðs til eigenda sem skylt er að reikna sér endurgjald getur verið skattlagður sem launatekjur
- Eigendur bera takmarkaða ábyrgð

2. Sameignarfélög og samlagsfélög

- Hagnaður skattlagður í 32,7%
- Engin skattlagning á úthlutun hagnaðar
- Eigendur bera ótakmarkaða ábyrgð í sameignarfélagi
- Í samlagsfélagi ber a.m.k. einn eigandi ótakmarkaða ábyrgð og a.m.k. einn eigandi takmarkaða ábyrgð

Nýtt ákvæði um skattlagningu arðs

- Hjá þeim skattaðilum sem skytt er að reikna sér endurgjald skal telja til tekna sem laun 50% af heimilum úthlutuðum arði að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.
- Í raun þýðir þetta að hluti arðs verður skattlagður sem tekjur í SUMUM félögum
- Réttilega reiknað endurgjald skiptir ekki máli
- Að vissu leyti afturvirktt ákvæði – miðar við hagnað fyrra árs (2009)

Nýtt ákvæði um skattlagningu arðs

- Er um að ræða brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar?

„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.”

- Helsta forsenda þess að reglan komi til álita er að tilvik séu í raun sambærileg
 1. Það telst t.d. ekki brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að skattar geti verið stighækkandi eftir því sem efnahagur er betri.
 2. Hins vegar er hér um að ræða ákvæði sem mismunar skattlagningu eftir samsetningu eða fjölda hluthafa án tillits til þess hvert reiknað endurgjald þeirra er

Til hverra tekur ákvæðið?

Í 7. gr. tekjuskattslaga kemur fram hverjir eigi að reikna sér endurgjald en þar segir m.a.

Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum og einnig um vinnu manns við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann er ráðandi aðili vegna eignar- eða stjórnunaraðildar

Ákvæðið vísar því til þess að viðkomandi hafi yfirburðastöðu í félaginu, þ.e. yfirráð

Hlýtur að vísa til meirihlutaeignar í ehf.

Hvenær er aðili ráðandi? Eðlilegast að líta til hlutafélaga-löggjafarinnar og laga um ársreikninga.

Til hverra tekur ákvæðið?

HVERJIR eru ráðandi aðilar skv. auglýsingu skattyfirvalda?

Maður telst ráðandi aðili ef hann sjálfur, maki hans, venslamaður eða annar nátengdur aðili er í stjórn félagsins eða framkvæmdastjórn þess eða ef hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum eða samstarfsmönnum, á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna.



Orðalag auglýsingar of rúmt

1. Einn maður (einn eða með maka eða nátengdum aðila) er í stjórn félags eða framkvæmdastjóri. (Stjórnunartengsl)
2. Eða hann, einn eða ásamt maka eða öðrum tengda- og venslamönnum á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna. (Eignartengsl)
3. Eða hann ásamt samstarfsmönnum, á það stóran hluta í félaginu að ætla megi að það hafi áhrif á ákvörðun launanna. (Eignartengsl annarra)

Þannig virðist orðalag auglýsingarinnar mun rýmra en lagaákvæðið
=> Nær ákvæðið til félaga þar sem eru fjöldi starfandi eigenda?

Á það við um stærri félög sérfræðinga verkfræðinga, arkitekta, lögmanna, endurskoðenda þar sem eigendur eru jafnframt starfsmenn?

NEI - birtu reglurnar fara langt út fyrir orðalag lagatextans

Reglur nr. 1090/2009

Í nýbreyttum tskl. segir um reiknað endurgjald:

- „Ríkisskattstjóri setur árlega við upphaf tekjuárs reglur um reiknað endurgjald og birtir þær að fenginni staðfestingu fjármálaráðherra.”
- Þrátt fyrir þetta setti fjármálaráðherra reglurnar 30. des – birtar 31 des. 2009. Eiga við laun 2010
- Reglurnar því ekki gildar lögum samkvæmt.
- Tækifæri hjá ríkisskattstjóra að setja skýrar reglur lögum samkvæmt.

Hvernig eru félög skattlögð?

- Skattþrepið er 18% eða 32,7%
- Tekjur ehf. og hf. ekki alltaf skattlagðar eins og hjá slf. og sf.
 - Mótttekinn arður hjá ehf. / hf. er frádráttarbær, þó ekki ef yfirfæranlegt tap
 - Mótttekinn arður í sf. / slf. er skattlagður í 18%
 - Söluhagnaður hjá ehf. / hf. er frádráttarbær, þó ekki ef yfirfæranlegt tap
 - Söluhagnaður hjá sf. /slf. er skattlagður í 32,7%

Afleiðingar hins nýja ákvæðis

- Skattaðilar leita leiða til að lágmarka skattgreiðslur og stofna sf. og slf. Af hverju þessi félagiform?
 1. Aldrei um að ræða úthlutaðan arð í sf./slf. = Einfaldara að greiða út hagnað
 2. Í sf./slf. fer skattlagning alls hagnaðar fram hjá félaginu og er því hærra skattlagt
 3. Byggt á því að sf./slf. eigi að skattleggjast eins og ef um ehf./hf. væri að ræða og arður skattlagður með fjármtsk:

100 í hagnað= 18 í skatt= 82 til úthlutunar x 18%=

14,76 eða samtals 32,76%.

Með hinu nýja ákvæði er skattlagning hagnaðar í ehf. og hf. mun hærri

Samanburður skattlagningar

EHF. og HF.

- Hagnaður $3.525.300 \times 18\% = 634.554 = 2.900.746$
 - Skattalegt bókfært eigið fé er $3.525.300 + \text{hlutafé: } 4.025.300$
- **Arður til útgreiðslu $3.525.300 - 634.554 = 2.890.746$ skattleggst**
- 20% af $4.025.300 = 805.060$ í $18\% = 144.911$
- $1.042.843$ í $18\% = 187.712$
- $1.042.843$ í $46,1\% = 480.751$
- Skattlagning af hagnaði félags: $634.554 + 813.374 = 1.447.928$ eða **ca 41%**

SF. og SLF.

- Hagnaður félags $3.525.300 \times 32,7\% = 1.152.773$
- **Skattlagning af hagnaði félags = 1.152.773 eða 32,7%**

Breyting á rekstrarformi

- Hvað þarf að gera?
- Hvað verður um ehf? Á að slíta því? Stofna slf?
- Einkahlutafélagið getur verið einn stofnenda í slf.
- Félagið gæti þá tekið á sig ótakmarkaða ábyrgð
- Núverandi eigendur ehf. starfa hjá slf. og eignast hlut í því félagi (t.d. 90%) og væru með takmarkaða ábyrgð
- Ef einhverjar tekjur verða áfram í ehf – verður þá að reikna laun stjórnarmanna þar? (25%?)

Deloitte.

© Deloitte Touche Tohmatsu 2010. All rights reserved.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu, a Swiss Verein, its member firms, and their respective subsidiaries and affiliates. As a Swiss Verein (association), neither Deloitte Touche Tohmatsu nor any of its member firms has any liability for each other's acts or omissions. Each of the member firms is a separate and independent legal entity operating under the names "Deloitte", "Deloitte & Touche", "Deloitte Touche Tohmatsu", or other related names. Services are provided by the member firms or their subsidiaries or affiliates and not by the Deloitte Touche Tohmatsu Verein.